

## Annar fundur Umhverfisnefndar 2018-19 haldinn 8.október 2018 klukkan 13:00

*Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Sigurbjörn Ási, Sóley Mist, Rúnar Smári, Stefanía Guðrún, Gunnar Ingi, Jóhannes Birgir og Hilmar Nói. Fulltrúar starfsfólks: Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri, Dóra Esther Einarsdóttir deildarstjóri og Hildur Björg Georgsdóttir. Fulltrúi foreldra: Arnfríður Sædis Jóhannesdóttir.*

Byrjuðum á að rifja upp reglurnar. Réttu upp hendi. Einn að tala í einu. Ekki trufla aðra.

Við gerðum smá neyslukönnun á leikskólanum.

Notum við pappír sem á að henda í einhver listaverk? Og hvað gerum við svo við hann? Litum á hann báðum megin. Ef við viljum svo ekki eiga listaverkið þá setjum við það í flokkunarkassann.

Notum við tómar umbúðir í sköpun? Við notum t.d. kæfubox og kassann utan af kexinu í alls konar föndur. Plast umbúðir undan plómum voru notaðar sem rúm fyrir Blæ.

Passið þið að henda aldrei mat? voru skiptar skoðanir en þau voru samt sammála að svangi mangi ætti ekki að fá mikið að borða. Fá sér lítið og oft og fá sér bara á diskinn það sem maður ætlar að borða.

Notið þið handklæði eða litla þvottaklúta til að þurrka ykkur um munninn og hendurnar eftir klósettferðir? Já við notum lítil þvottastykki

Þegar það fer sandur á gólfið fer hann aftur í sandkassann eða í ruslið? Börnin vildu ryksuga sandinn sem fer á gólfið inni en sandurinn í dótaskúrnum úti fer í sandkassann aftur.

Hvernig förum við með dótið í leikskólanum? Förum við vel með dótið eða illa með dótið? Við reynum að fara vel með dótið.

Kunnið þið að flokka ruslið í leikskólanum? Börnin voru sammála um að allir kynnu að flokka ruslið í leikskólanum.

Hafið þið farið í gönguferð og tekið ruslapoka með til að týna upp ruslið sem á ekki að vera í náttúrunni? Flest allir höfðu farið í gönguferð með ruslapoka meðferðis, en voru sammála um að það væri allt of langt síðan við höfðum gert það.

Hvað flokkum við í leikskólanum? Pappír, plast, lífrænt rusl (svangi mangi), pappi (málningarherbergið), rafhlöður, kennarinn má bara flokka þær því þær eru hættulegar. Málmur í flokkunarkassann, gler í flokkunarkassann. Flokkum við eitthvað meira? Dósir

Einnig útskýrðum við hvað orðið deild þýddi. Væri eins og tveir leikskólar en samt ekki. Húsin þurfa að heita sitthvoru nafninu.

Síðan athuguðum við hvort við værum búin að klára öll verkefni sem við settum okkur fyrir síðasta fund. Við áttum eftir að kjósa um nöfn á nýju deildarnar.

Við gerðum kosningu um nöfn á nýju deildirnar okkar á þessum fundi. Við útskýrðum ferlið fyrir börnunum og festum upp kosningaseðil í fataklefanum og einn kennari fylgdi hverju barni fram og aðstoðaði það við að setja sinn kross við það nafn sem það valdi fyrir deildarnar. Valið stóð á milli Sjónarhóll/Dverghamrar og Stóraborg/Litlaborg.

Við minntumst á það að við ætlum að halda upp á afmæli leikskólans í næstu viku. Því leikskólinn varð 30 ára.

Í lok fundar spannst umræða um jólasveinana. Eitt barnið var alveg viss um að einn jólasveinninn heiti hrekkjastaur en ekki stekkjastaur.

Við settum okkur það markmið fyrir næsta fund að skoða hvert allt fer sem við erum að flokka. Við ætlum að kíkja hvert ruslabíllinn fer með allt ruslið sem sagt að skoða sorpstöðina og kíkja á ruslahaugana og athuga hvernig fólkinu í hreppnum gengur að flokkar ruslið.

Allir samþykktu verkefnið fyrir næsta fund og Dóra sleit síðan góðum fundi.

Fundargerð

Dóra Esther Einarsdóttir